

Alþingi
Erindi nr. P 132/378
komudagur 2.12.2005

Gallerí Fold
Rauðararstíg 14
105 Reykjavík

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík

Reykjavík, 2. desember 2005.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 28/1998 um verslunaratvinnu

Fyrir hönd Gallerís Foldar eru gerðar neðangreindar athugasemdir við frumvarpið:

Við 2. grein:

Þar er skrá yfir gjaldflokka í 6 liðum. Liðir 3-6 eru skv. fyrirmælum í tilskipun EB og ekki gerð athugasemd við það.

Hins vegar er gerð alvarleg athugasemd við lið 1, þar sem gert er ráð fyrir 10% gjaldi og lið 2, þar sem gert er ráð fyrir 5% gjaldi.

Lagt er til að gjaldið í báðum flokkum verði 4%

Rökstuðningur:

Gjald sem þetta hefur veruleg áhrif á það verð sem seljendur, þ.e. eigendur myndverka fá fyrir verk sín. Þess vegna má með góðum rökum segja að gjaldið sé hreinn skattur, jafnvel eignaupptaka. Hafa skal það í huga að meirihluti seljenda er eldra fólk sem er að selja verkin til að afla sér fjár.

Fram til þessa hefur þetta gjald verið það hæsta sem um getur í nokkru því landi sem við vitum um.

Þetta hefur orðið til þess að engin sátt hefur verið um gjaldið.

Nú er komið að því að breyta þessu gjaldi og þá verður það að verða í samræmi við það sem er erlendis.

Það ætti líka að vera í takt við það markmið stjórnvalda að lækka álögur og skatta á eigur almennings.

Ennfremur við 2. grein:


Í neðstu málsgrein segir: Menntamálaráðherra getur sett nánari reglur um fylgiráttargjald að höfðu samráði við Myndhöfundasjóð Íslands – Myndstef . . .

Lagt er til að á eftir Myndstef komi: og Samtök verslunar og þjónustu.

Rökstuðningur:

Það er að okkar dómi fullkomlega óásættanlegt að fagsamtök þeirra aðila sem innheimta gjaldið séu ekki höfð með í ráðum þegar reglur eru settar um innheimtuna.

Virðingarfyllst,
f.h. Gallerís Foldar,



Tryggvi P. Friðriksson.